

**Fundargerð 29. fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þriðjudaginn 6. janúar 2015.**

Mættir: Halldór Runólfsson, Elvar Knútur Valsson (yfirgaf fundinn kl. 11.30), Jón Geir Pétursson (kom kl. 11.50), Stefán Stefánsson og Hólmsfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð. Jafnframt sat Danfríður Skarphéðinsdóttir formaður norræna stýrihópsins fundinn.

Formaður setti fundinn kl. 11.05

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Frásögn formanns af fundi EK-FJSL (Ekse)

Fundur í EK-FJSL (Ekse) var haldinn í Kaupmannahöfn þann 16. desember sl. Á fundinum gerði Halldór grein fyrir stöðu NordBio áætlunarinnar og var gerður góður rómur að. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 var samþykkt.

3. Staðan á undirbúningi að stofnun norræna lífhagkerfis samráðsvettvangsins

Á fundi EK-FJSL (Ekse) þann 16. desember voru drög að mandati fyrir norræna lífhagkerfis samráðsvettvanginn rædd. Halldór greindi frá því að lítilsháttar athugasemdir hafi komið fram og var NMRS falið að vinna úr þeim og bera undir íslensku verkefnisstjórnina áður en það verður sett í skriflegt samþykktarferli hjá EK-FJSL (Ekse). Því ferli þarf að vera lokið í byrjun febrúar.

Samstarfsráðherrar Norðurlandanna funda um miðjan mars og stefnt er að því að mandatið verði staðfest á þeim fundi. Í kjölfarið verður samráðsvettvangurinn skipaður og ráðgert að halda „kick-off“ fund snemma næsta haust.

4. NordBio kynningarfundur 15. janúar

Ákveðið hefur verið að boða til kynningarfundar um NordBio fimmtudaginn 15. janúar nk. fyrir ráðuneytin og stofnanir sem tengjast einstökum verkefnum. Fundurinn verður í ráðstefnusal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og stendur frá kl. 14:00-16:00.

Á fundinum mun Halldór kynna NordBio áætlunina, stöðu hennar í dag og áætlaða útkomu. Þá munu verkefnisstjórar einstakra verkefna sem falla undir NordBio, alls níu verkefni, gera stutta grein fyrir hverju verkefni og hvað er framundan. Að loknum kynningum verða fyrirspurnir og umræður.

Verkefnisstjóra falið að senda fundarboð til allra starfsmanna ráðuneytanna þriggja og óska eftir því við verkefnisstjórar að þeir bjóði þeim sem þeir telja að áhuga kunna að hafa.

5. Önnur mál

a) *Skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2014.*

Rætt um skil á upplýsingum til norræna samstarfsráðherrans, en skilafrestur er 20. janúar. Tillaga Danfríðar um að ráðuneytin þrjú skili sameiginlega upplýsinum um NordBio áætlunina var samþykkt. Elvar ræðir við upplýsingafulltrúa ANR um aðstoð við framsetningu efnis.

b) *Growth in Blue Bio-economy.*

Lagðar fram upplýsingar um alþjóðlega ráðstefnu sem haldin verður í Færeyjum 2.-3. júní 2015 undir yfirskriftinni „Growth in Blue Bio-economy“. Ráðstefnan er liður í dönsku formennskuáætluninni og fellur vel að NordBio.

c) *Næsti fundur.*

Ákveðið að næsti fundur verði þriðjudaginn 20. janúar 2015 kl. 11.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.